



Reykjavík, 25. maí 2016

Athugun á umfangi þjónustu eftirlitsskyldra aðila við lögaðila sem skráðir eru í lágs kattaríkjum og fjárfestingum þeirra í slíkum lögaðilum

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á umfangi þjónustu fjármálafyrirtækja við lögaðila sem skráðir eru í lágs kattaríkjum í tilefni af opinberri umfjöllun um svonefnd Panama-skjöl, m.a. umfjöllun um þjónustu viðskiptabanka á Norðurlöndunum í tengslum við stofnun og rekstur svonefndra aflandsfélaga. Jafnframt óskaði Fjármálaeftirlitið eftir upplýsingum um umfang fjárfestinga lífeyrissjóða og váttryggingafélaga í slíkum lögaðilum.

Óskað var eftir upplýsingum um hvort fjármálafyrirtæki hefðu, með beinum hætti eða í samstarfi við annan aðila, haft milligöngu um stofnun lögaðila í lágs kattaríki eða veitt viðskiptavinum þjónustu er tengist slíkum lögaðilum. Ef svo væri var óskað eftir ítarlegum upplýsingum um þá starfsemi fjármálafyrirtækjanna, þ.m.t. umfangi hennar.

Samkvæmt upplýsingum sem bárust Fjármálaeftirlitinu hafa fjármálafyrirtæki hvorki með beinum hætti né í samstarfi við annan aðila haft milligöngu um stofnun lögaðila í lágs kattaríkjum frá haustinu 2008. Á hinn bóginn veita fjármálafyrirtæki slíkum lögaðilum bankþjónustu og aðra leyfisskylda fjármálaþjónustu, þ.m.t. þjónustu á borð við innláns- og vörslureikninga, lánaþjónustu og verðbréfaþjónustu, en umfang slíkrar þjónustu telst þó óverulegt samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum. Núgildandi lög standa ekki í vegi fyrir því að fjármálafyrirtæki, sem hafa heimild til að stunda fyrirtækjaráðgjöf samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, hafi milligöngu um stofnun lögaðila erlendis fyrir viðskiptavinum sínum, þ.m.t. í lágs kattaríkjum, sé slík þjónusta veitt í lögmætum tilgangi og í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitið óskaði einnig eftir upplýsingum um fjárfestingar lífeyrissjóða og váttryggingafélaga í lágs kattaríkjum. Samkvæmt upplýsingum sem bárust Fjármálaeftirlitinu hafa lífeyrissjóðir og váttryggingafélög fjárfest í lögaðilum skráðum í lágs kattaríkjum en slíkar fjárfestingar eru óverulegur hluti eignasafns lífeyrissjóða og váttryggingafélaga. Fjárfestingarnar eru innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og því í samræmi við fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og váttryggingafélaga samkvæmt lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið mun áfram fylgjast með þeim upplýsingum sem fram koma í tengslum við þessi mál og taka til frekari skoðunar ef tilefni er til.